

Nr. 19-033 S 022 Ísleifur VE 63**Skipverjar slasast á fæti**

Skipaskr.nr. 2388
 Útgerð: Vinnslustöðin hf.
 Smíðaður: Síle 2000, stál
 Stærð: 1217,7 brl. 1999,8 bt.
 Mesta lengd: 72,9 m Skráð lengd: 65,18 m
 Breidd: 12,6 m Dýpt: 8,4, m
 Vél: MaK 4320 kW, 2000
 Fjöldi skipverja: 11



Ísleifur©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 30. september 2018 var Ísleifur VE 63 á flottrollsveiðum í Austurdjúpi. Veður: NV 20 m/s.

Skipverji var að lása úr stjórnborðs toghlera þegar hann klemmdist á vinstri fæti milli festingar (brakket) á hleranum og stoð rekkverksins. Skipverjinn slasaðist á fæti.

Við rannsókn kom fram:

- að toghlerinn var kominn í gálgann og skipverjinn þurfti að teygja sig til að ná í lásinn en á veltunni færðist toghlerinn til í gálganum;
- að skipverjinn var staðsettur fyrir innan hægra rekkverkið (sjá mynd 1) en fór með vinstri fótinn til hliðar við stoðina á því þegar hann teygði sig í lásinn og klemmdist. Hann losnaði ekki aftur fyrr en toghlerinn færðist yfir í hitt borðið við veltu skipsins;



Mynd 1 Skipverjinn steig til hliðar við stoðina

- að hæðin á rekkverkinu var 71cm og fram kom að ekki væri hægt að hafa það hærra þar sem togblökkinn færi þá í það. Samkvæmt reglugerð nr. 122/2004, IV. kafla, 3. reglu skulu rekkverk á opnum svæðum á aðalþilfari vera a.m.k. 1 m;
- að eftir slysið voru festar upp bobbingjalengjur á gálgann (*sjá mynd 2*) fyrir báða toghlerana til að koma í veg fyrir að þeir hreyfðust í gálganum..

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.



Mynd 2 sýnir staðsetningu á bobbingjalengjunum.